



Verkefnakista Grænfánans

Nýttu og njóttu að vild!



Töskusaumur

Aldur	6 til 16 ára
Kennslustundir	0 til 0
Markmið	- Að minnka notkun plastpoka í sveitarfélaginu. - Að vekja nemendur og samfélagið í heild til umhugsunar um mikilvægi þess að draga úr plastnotkun. - Að efla virðingu nemenda fyrir náttúruauðlindum og umhverfi. - Að nemendur átti sig á mikilvægi sjálfbærrar nýtingar auðlinda
Framkvæmd	Nemendur senda sveitarstjórn bréf þar sem farið er fram á að sveitarfélagið komi að verkefninu, til að mynda með fjárveitingu fyrir efniskostnaði vegna töskusaumsins. Tilvalið er að nýta tækifærið til að kynna nemendum hvernig mál eru tekin fyrir og afgreidd á vettvangi stjórnsýslunnar. Nauðsynlegt að áætla tíma fyrir kennara (handmenntarkennara) til að hafa yfirumsjón með verkefninu. Þegar fjárveiting liggur fyrir er tekið til við að hanna, sníða og sauma töskurnar. Sníðugt er að láta nemendur teikna myndir sem síðan eru saumaðar út í töskuna. Útfærsla á þessum þætti er í höndum hvers skóla. Í tilfelli Grenivíkurskóla koma allir nemendur skólans að verkefninu, við að sníða, teikna, sauma út mynd og sauma töskuna saman. Að lokum var ein taska afhent á hvert heimili í sveitarfélaginu. Í stærri skólum væri líklega einfaldara að einn árgangur sjái um töskusauminn og fái sínar töskur afhentar.
Áhöld - efni	Efni til töskusaums. Aðstaða til saumavinnu.
Undirbúningur kennara	
Undirbúningur nemanda	
Mat kennara	
Mat nemanda	
Ítarefni	Það er áætlt að taka fram að þetta verkefni hentar líklega betur í litlu sveitarfélagi, þar sem stjórnsýslan er nálæg og samskipti einföld. Þar sem ekki fæst fjárveiting fyrir efniskostnaði kæmi til greina að selja töskurnar til að hafa upp í kostnað. Enn fremur má nota þetta verkefni í fjáröflunarskyni. Hægt er að vera í samstarfi við "Pokastöðvar á Íslandi" (https://pokastodin.wordpress.com/pokastodvar/) en það er samfélagsverkefni sem snýst um að búa til hringrás taupoka í samfélaginu.



UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ

(<http://www.umhverfisraduneyti.is/>)

Þróunarsjóður námsgagna
(<http://www.menntamalaraduneyti.is/afgreidsla/sjodir-og-eydublod/menntamal/nr/4365>)

(<http://www.umhverfisraduneyti.is/>)